

## 3. gr.

13. gr. reglugerðarinnar falli brott.

## 4. gr.

1. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fóðursalar skulu mánaðarlega senda Framleiðsluráði landbúnaðarins skilagrein um fóðursölu. Þar komi fram tegund og magn fóðurs. Jafnframt skal fóðursalinn láta fylgja upplýsingar um innkaup og birgðir, svo og framleiðslu fóðurs, ef um hana er að ræða, nákvæmar upplýsingar um verð fóðurtegunda og hver sé hluti hins sérstaka fóðurgjalds í fóðurverðinu. Framleiðsluráði landbúnaðarins er óheimilt að taka gilda beiðni framleiðanda um endurgreiðslur til fóðursala, nema upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein hafi borist.

## 5. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal reiknuð eftir seldum afurðum, þannig að endurgreitt verði:

Fyrir hvert kg svínakjöts . . . . .	5,6 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja . . . . .	3,8 “ “
Fyrir hvert kg kjúklinga og kalkúnakjöts . . . . .	4,0 “ “
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum . . . . .	4,0 “ “

## 6. gr.

2. og 8. mgr. 15. gr. og 1. og 2. mgr. 16. gr. falli brott.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1993.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.*

**Halldór Blöndal.**

Jón Höskuldsson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda,  
sbr. breytingu með rg. nr. 487/1990.**

## 1. gr.

2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

2. Sérstakt fóðurgjald, sem skal vera 55% af tollverði hvernar fóðurtegundar.

## 2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tollnúmerin 1101-0009, 1103-1100 og 1103-2100.

## 3. gr.

6. mgr. 2. gr. orðist svo:

Undanskilin gjaldtöku eru fódursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg. eða minna, og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Þeim, sem flytur inn korn og vörur sem eru undanskilin gjaldtöku samkvæmt fyrrgreindum skilyrðum, er óheimilt að selja eða afhenda það á nokkurn annan hátt til annarra nota. Það gildir jafnframt um aðra, s.s. framleiðendur sem hafa korn og vörur undir höndum sem hafa verið undanþegnar gjaldtöku. Sé um stærri umbúðir að ræða en smásöluumbúðir getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu frá gjaldskyldu að hluta eða öllu leyti, enda sé notkun vörunnar sú er að ofan greinir. Hafi undanþága ekki verið veitt getur ráðherra ákveðið að endurgreiða fódurgjöldin af vörum til manneldis, fiskeldis eða loðdýra-ræktar.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1993.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Endurgreiða skal mismun á sérstöku fódurgjaldi skv. 2. tl. 1. gr. af fódurbirgðum sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðarinnar vegna breytingar á prósentustigi úr 80% í 55%. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr. reglugerðarinnar.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 499

28. desember 1992

**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 18. nóvember 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar frá 27. maí 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í að turnbyggingar hússins Fjarðargata 13-15 hækka úr 6 hæðum með risi í 8 heilar hæðir og úr 4 hæðum með risi í 6 heilar hæðir. Jafnframt stækkar byggingin úr 8 000 m<sup>2</sup> í 9 000 m<sup>2</sup>.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1992.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*